

Hrefna Jónsdóttir



Hrefna Jónsdóttir er fædd í Vestmannaeyjum 9. nóvember 1945 en ólst upp í Fljótshlíðinni, í Fljótsdal og síðar í Deild. Hún lauk prófi frá Skógaskóla, stúdentsprófi frá MH og kennaraprófi frá Kennaraháskóla Íslands.

Hún vann hjá Loftleiðum / Flugleiðum / Arnarflugi í tæp 30 ár með hléum en vann síðan við kennslu í rúm 20 ár.

Æskuminningar frá Múlakoti

Ég á margar og fallegar minningar frá Múlakoti. Móðir mín, Soffía Gísladóttir, ólst þar upp frá eins árs aldri en móðir hennar lést frá 6 börnum 1917. Mamma var frænka Guðbjargar og Túbals og var látin heita í höfuðið á Soffíu Túbals. Faðir minn hét Jón Ingi Jónsson ættaður frá Dufþekju í Hvolhreppi. Hann kom vinnumaður í Múlakot 18 ára og kynntist þar mömmu. Foreldrar mömmu voru Guðleif Kristjánsdóttir, ættuð frá Auraseli og Gísli Þórðarson frá Ormskoti.

Fyrsta minning mín frá Múlakoti er jólaboð. Þá er ég sennilega 4 ára.

Þar var öll fjölskyldan komin saman, Ágústa Túbals og Hjörleifur ásamt börnum sínum Guðbjörgu Karlottu og Júlí Heiðari, Lilja Túbals og Jón komu ásamt Valgerði dóttur þeirra og svo Soffía Túbals. Við vorum mætt systkinin Þröstur og ég ásamt foreldrum okkar, Soffíu og Jóni Inga.

Það var margt gert sér til gamans í jólaboði í Múlakoti enda mjög listrænt og skemmtilegt fólk á staðnum. Það var farið í leiki og mikið sungið og ég man að við börnin tókum þátt í leikjunum.

Allt í einu birtist jólasveinn með poka á bakinu. Ég hafði aldrei séð jólasvein og varð mjög hrædd og grét mikið. Jólasveinninn talaði við mig en ég grét enn meira. Ég bað mömmu um að fara með mig inn í baðstofu sem hún gerði og ég bað hana um að læsa. Hún þóttist gera það.

Allt í einu birtist jólasveinninn í dyrunum og tók af sér skeggið. Þetta var þá pabbi ! Mikið varð ég fegin að sjá hann og jafnaði ég mig fljótt.

Þegar ég átti að byrja í skóla 8 ára bjuggum við í Fljótsdal. Það var ekki búið að brúa Bleiksá þannig að ekki komust bílar yfir ef mikið var í ánni. Mjólkurbíllinn fór ekki lengra en að Háamúla en það var venja að innhlíðarbörnin fengju að sitja í mjólkurbílum á morgnana en voru svo keyrð heim eftir

skóla. Þess vegna var mér komið fyrir í Múlakoti hjá Láru og fjölskyldunni og sótti ég skólann þaðan. Ég man sérstaklega eftir hve ég fékk mikið og gott nesti með mér í skólann, sem Lára útbjó.

Mér fannst mikið ævintýri að vera í Múlakoti og geta leikið við Lillý og Fjólu alla daga. Þær áttu mikið af leikföngum og voru alltaf tilbúnar að leika við mig og þær voru líka svo skemmtilegar. Við spiluðum mikið, lékum okkur með dúkkulísur og systurnar settu upp heilu leikritin sem ég fékk að taka þátt í. Þær systur voru mjög söngelskar og kunnu bæði lög og texta. Lillý spilaði á gítar og orgel en Fjóla spilaði á harmonikku og orgel. Við áttum margar fallegar söngstundir saman og ég lærði heilmikið af þeim, bæði lög og texta og að spila eftir eyranu á orgelið. Þetta var fyrsta tónlistarnámið mitt en sem betur fer ekki það síðasta!



Fjóla með dúkkuna Svövu sem er varðveitt í Múlakoti



Hrefna Jónsdóttir u.þ.b. 10 ára

Ég fékk að sofa í baðstofunni hjá systrunum og svaf á dývan fyrir aftan rúmið hennar Fjólu, vinstra megin í herberginu. Nína svaf svo í litla herberginu sínu inn af baðstofunni. Hún sat allan daginn við vaskinn í eldhúsinu og sá um uppvaskið. Hún var alltaf svo hlý og góð við öll börn. Hún átti orðið mjög erfitt um gang og þurfti að styðja sig þegar hún gekk um. Hún sá líka um alla þvotta með Láru á veturna.

Ingibjörg Guðmundsdóttir átti heima í austurbænum og kom oft í heimsókn „vestrí“. að leika við okkur. Hún var líka mikil vinkona systranna.

Hver dagur í Múlakoti var skemmtilegur og leiddist mér aldrei. Ég fór svo heim um helgar ef það var fært.

Þegar ég er 10 ára flytjum við að Deild og þá var þessi skemmtilegi tími liðinn. Það var samt oft farið í heimsókn að Múlakoti, sérstaklega um helgar til að heilsa upp á heimilisfólkið.

Mér fannst Múlakot alltaf eins og mitt annað heimili. Ég var alltaf látin finna að ég væri velkomin þótt ég viti það núna að oft var ég fyrir í eldhúsinu á háanna tímanum. Lára sem var alltaf svo jákvæð og í stað þess að segja okkur krökkunum að vera ekki fyrir, bauð hún okkur að fara í vesturstofuna og fá okkur eitthvað að drekka! Svona var Lára. Alltaf svo góð. Litla sjoppa var í herbergi til hliðar í stofunni og man ég hve gott mér þótti Sinalco á þessum tíma. Öll börn sem komu í heimsókn fengu að fara í sjoppuna.

Ég man vel, þegar Lára varð 50 ára 1. apríl 1952. Það var mikið um dýrðir og gestir komu víða að. Lára var svo fín í upphlutnum sínum og stóð við borðstofuborðið á meðan Ari bróðir hennar las upp öll skeytin sem hún hafði fengið. Mér er það svo minnstætt þegar Lára gekk til hans að lestrinum loknum og kyssti hann fyrir. Það var mikið sungið og man ég að Óli kallaði saman kór, sennilega kirkjukórinn að hluta til. Kórinn stillti sér upp í Litlu stofunni og í stiganum á meðan Óli stóð í

forstofunni og stjórnaði söngnum þaðan með miklu handapati að mér fannst, enda hafði ég aldrei séð kór stjórnað.



Ólafur og Lára í Múlakoti

Á unglingsárum mínum var ekki síður notalegt að koma í Múlakot. Nokkur sumur voru þar skemmtilegar vinnustúlkur sem urðu fljótt vinkonur mínar. Þær voru Jónína Ólafsdóttir úr Keflavík og Ingibjörg Ásgeirsdóttir, frænka Láru, úr Hafnarfirði.

Þær urðu fljótt vinsælar hjá ungum herrum í sveitinni sem voru alltaf tilbúnir að fara með þær í Seljavallalaug eða á sveitaböllin á Hvoli, Hellu eða í Njálshúsi. Þessir herrar voru einkum bróðir minn Þróstur og Einar í Háamúla enda voru þeir báðir komnir með bíla, og ég fékk því að fljóta með. Mörg kvöld þegar við vorum að skila vinnustúlkunum heim í Múlakot sat Lára stólnum sínum við eldavélina og gaf okkur gos að drekka og sýndi okkur svo mikinn áhuga og hafði gaman að heyra frá ævintýrum okkar.

Lára fór síðust í rúmið og var fyrst á fætur. Hún sagði vinnustúlkunum sínum að þær mættu sofa út næsta morgun. Oft var þetta um helgar svo hún tók þá sjálf á sig auka vinnu.

Stundum settumst við út í garð á kvöldin þegar búið var að kveikja á garðljósunum. Við tókum með okkur gítarinn og sungum saman. Þá komu jafnvel krakkar frá næstu bæjum og sungu með okkur. Þetta var afskaplega skemmtilegt og rómantískt. 20 ágúst, á afmælidegi Lillýjar, var líka oft skemmtileg samkoma í garðinum.

Þessar stúlkur, Jónína og Ingibjörg, fluttu síðan til London og lærðu báðar leiklist og voru alla tíð mikið í sambandi við Múlakotsheimilið. Jónína er látin en dóttir Ingibjargar, Hanna Lára, býr á Þorvaldseyri.

Ég er afskaplega þakklát fyrir að hafa alla tíð átt Múlakotsfólkið að fjölskyldu og vinum. Í dag ylja ég mér við minningarnar af þessu góða fólki og þessum skemmtilega tíma sem ég átti í Múlakoti.